

FLUGMENN OG FLUGVIRKJAR



Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausar til umsóknar stöður flugmanna og flugvirkja.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland auk fjölmargra annarra verkefna. Landhelgisgæslan er með í rekstri og viðhaldi Eurocopter Super Puma þyrllur og eina Dash 8 300 flugvél. Starfsemin fer að mestu fram á Íslandi en einnig að hluta til erlendis.

FLUGMENN

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gilt íslenskt eða JAA atvinnuflugmannsskírteini á flugvél með blindflugsáritun (blindflugsáritunin verður að vera í gildi þann 1. febrúar 2012)
- Bóklegt ATPL nám lokið
- Tegundarréttindi á Dash 8 300
- Reynsla af NEXT Generation Glass Cockpit flugstjórnarumhverfi æskileg
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Bóklegt námskeið í áhafnarsamstarfi (MCC) æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Framúrskarandi álags- og streituþol
- Stúdentspróf eða sambærilegt próf

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf. Stefnt er að því að viðkomandi hefji störf í byrjun mars 2012.

FLUGVIRKJAR

Leitað er að flugvirkjum sem eru tilbúnir að vinna fjölbreytt flugvirkjastörf á krefjandi vinnustað.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðurkennt flugvirkjanám, EASA Part-66 skírteini æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Framúrskarandi álags- og streituþol

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Konur jafnt sem karlar, sem réttindi og áhuga hafa, eru hvött til að sækja um störf.

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf ásamt sakavottorði í gegnum vef Capacent.

Umsækjendur um flugmannsstörf skulu að auki skila inn afriti af flugskírteini og læknisvottorði í gildi ásamt síðustu blaðsíðu í flugdagbók. Fylgiskjöllum skal skilað útprentuðum á skrifstofu Capacent, Borgartúni 27, í umslagi merktu viðeigandi starfi.

Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu þeirra.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

